

**Nd. 138. Frumvarp til laga [2. mál]**

um viðauka við lög nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal þó frá 1. júní 1951 að telja greiða verðlagsuppbót samkv. kaupgjaldsvísitölu fyrir maímánuð 1951. Hinn 1. september, 1. desember 1951 og 1. marz og 1. júní 1952, skal verðlagsuppbót á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem að framan greinir, breytast samkvæmt kaupgjaldsvísitölu næsta mánaðar á undan.

Verðlagsuppbót á eftir-, nætur- og helgidagavinnu skal breytast þannig, að hlutfallið milli kaupgjalds fyrir þessa vinnu og dagvinnu viðkomandi launþega haldist óbreytt frá því, sem nú er.